



Menningar- og heilsugöngur í Hafnarfirði 2021

Í sumar er boðið upp á bæjargöngur með leiðsögn alla **miðvikudaga**. Flestar göngur taka um klukkustund, þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

Menningar- og heilsugöngur

í Hafnarfirði 2021

2. júní kl. 20:00 🏠

Höggmyndagarðurinn 30 ára

Eiríkur Hallgrímsson listfræðingur og leiðsögumaður leiðir göngu um höggmyndagarðinn á Víðistaðatúni. Í ár eru 30 ár frá því Listahátíð var haldin í Hafnarfirði sem lagði grunn að höggmyndagarðinum. [Gengið frá Víðistaðakirkju.](#)

9. júní kl. 20:00 🏠

Vísaganga um Hvaleyrarvatn

Einar Skúlason göngugarpur leiðir göngu um göngustíga við Hvaleyrarvatn. Öðru hverju verður stoppað og vísur fluttar með hjálp nokkurra fulltrúa úr hópnum. [Gengið frá bílastæðinu vestan við vatnið nær Völlum.](#)

16. júní kl. 17:00 🏠

1001 skór - barnaganga með sögu og söngvum

Auðveld ganga fyrir yngsta aldurshópinn í fylgd með fullorðnum, þar sem saga á sér stað með söngvum og leikjum. Upplýsingabæklingar fáanlegir í þjónustuveri. [Gengið frá Jófríðarstöðum.](#)

23. júní kl. 18:00 🏠

Fjölskylduganga um Gjárnar

Margrét Gauja Magnúsdóttir leiðir stutta og þægilega göngu um Gjárnar. Fjölskyldan mætir saman og fær lista yfir hluti til að finna og gera á göngunni og deila á Instagram. [Gengið frá bílastæðinu við Kaldárselsveg.](#)

30. júní kl. 20:00 🏠

Kaupmaðurinn á horninu

Björn Pétursson og Jónatan Garðarsson leiða göngu um gamla miðbæinn og rifja upp þann tíma þegar kjörbúðir voru á öðru hvoru götuhorni. [Gengið frá Pakkhúsi Byggðasafnsins.](#)

7. júlí kl. 20:00 🏠

Værðarstigur

Valgerður Hródmarsdóttir leiðir göngu um Værðarstig í landi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar sem endar í Værðarlundi við Hvaleyrarvatn. [Gengið frá bílastæðinu við Værðarstig við Kaldárselsveg.](#) Ekið er um 50 metra framhá innkeyrsluni að skógræktarfélaginu.

14. júlí kl. 20:00 🏠

Listaverkin og saga Hafnarfjarðar

Aldís Arnardóttir, forstöðumaður Hafnarborgar og Björn Pétursson, bæjarminjavörður, leiða göngu þar sem saga Hafnarfjarðar og útlistaverk í bænum tengjast. [Gengið frá Helligserði.](#)

21. júlí kl. 20:00 🏠

Golf- og söguganga um Hvaleyrina

Ólafur Þór Agústsson framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Keilis leiðir göngu um almenningsgöngustíga við golfvöllinn okkar og fjallar um minjar, sögur og menningu. [Gengið frá bílastæði við golfskála Keilis.](#)

28. júlí kl. 20:00 🏠

Þorbjarnarstaðir

Atli Rúnarsson, fornleifafræðingur, leiðir göngu um minjar í kringum bæjarstaði Þorbjarnarstaða sem var í byggð frá 14. öld og fram á 20. öldina. [Gengið frá Gerðinu við Straumsvík.](#)

4. ágúst kl. 20:00 🏠

Kirkjurnar í bænum

Eiríksína Eyja Ásgrímsdóttir, kennari og bókmenntafræðingur, leiðir sögugöngu milli kirknanna í Hafnarfirði. Þar fjallar hún um byggingarsögu, menningu og félagsleg tengsl í kringum kirkjurnar í bænum. [Gengið frá Pakkhúsi Byggðasafnsins.](#)

11. ágúst kl. 18:00 🏠

Valaból

Ólafur Sveinsson leiðsögumaður leiðir fjölskyldugöngu fyrir hressa krakka og fjölskyldur þeirra í Valaból. [Gengið frá bílastæðinu við Kaldárselsveg.](#)

18. ágúst kl. 20:00 🏠

Ásvelli

Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Hauka gengur með gestum um Ásvelli og segir sögu þeirra. [Gengið frá íþróttamiðstöðinni á Ásvöllum.](#)

25. ágúst kl. 17:00 🏠

Buslganga að Arnarvatni

Davíð Arnar Stefánsson sérfræðingur hjá Landgræðslunni leiðir göngu að Arnarvatni. Ef veðrið er gott er kjörið að taka með teppi, nesti og busla í vatninu. [Gengið frá bílastæðinu við Seltún.](#)

